

# Kynning á forystuskólaverkefni í læsi og námsvitund

Setbergsskóli 5. maí 2009

Herdís Snorradóttir og Margrét Böðvarsdóttir



## Forsagan

- Skólaárin 2003-2005 var í gangi átaksverkefni í Setbergsskóla þar sem áhersla var lögð á *læsi og námsvitund*.
- Kennarar voru sammála um að læsi yrði alltaf að vera meðal aðaláhersluþátta í starfi skólans.
- Stýrihópur læsishóps lagði fram ýmsar tillögur um framtíðarskipan þessara mála.
- Ný skólastefna Hafnarfjarðar bauð upp á möguleika á að gerast forystuskóli og geta þannig þróað áfram vinnuaðferðir á heildstæðan hátt.



## Læsi og námsvitund Yfirmarkmið til 5 ára

- Að auka færni nemenda í læsi í víðustu merkingu þess orðs.
- Að byggja upp námsvitund nemenda á markvissan hátt.



## Skilgreiningar á læsi

- Læs maður er sá *“sem út frá því tungumáli sem hann talar, getur lesið og skilið allt sem hann myndi skilja ef honum hefði verið sagt það.”* Sarah Gudschinsky
- Í læsi felst mun meira en að geta tæknilega lesið einstök orð.
- Það er tæplega hægt að tala um læsi ef einstaklingur höndlar ekki ritunarpáttinn.  
(Treiman og Kessler 2005)
- Læsi er flókin málbeiting sem samþættir lestur, ritun, hlustun og tal.



## Skilgreiningar á námsvitund

- Námsvitund: Færni til að hugsa um hugsunina.
- Vitund manns um eigin vitund.
- Að skipuleggja, stjórna og hnitmiða eigin hugsanagang.
- Cognition (vitsmunir) vísar til þess að búa yfir færni.
- Metacognition (námsvitund) vísar til skilnings á þessari færni og meðvitaðrar stjórnunar á henni.

Rósa Eggertsdóttir og fl.



## Gagnvirkur lestur - rannsóknir

- Aðferðin byggir á niðurstöðum rannsókna um nám og kennslu. Höfundar hennar nýttu sér vitneskju um tækni sem góðir lesarar nota, sem og atriðum sem virðast hindra slaka lesara í að ná góðum árangri.

Ann L. Brown og Annemarie Sullivan Palincsar, 1985.



## Gagnvirkur lestur

- **Forstig: Lestur**  
2-4 nemendur saman í hópi. Nemendur skiptast á um að vera stjórnendur. Stjórnandi les textann.
- **1. þrep: Samantekt**  
Stjórnandi dregur saman meginefni textans. Aðrir í hópnum geta bætt við ef eitthvað hefur gleymst. Mikilvægt að halda sig við aðalatriðin.



## Gagnvirkur lestur

- **2. þrep: Spurningar**  
Stjórnandi spyr einnar eða fleiri spurninga sem hann telur líklegt að kennari myndi spyrja.
- **3. þrep: Útskýringar**  
Stjórnandi athugar hvort eitthvað í efnisgreininni sé óljóst eða þarfnist frekari útskýringa.



## Gagnvirkur lestur

- **4. þrep: Forspá**  
Stjórnandi spáir fyrir um innihald textans sem á að lesa næst, t.d. næstu efnisgrein.
- **Næsti hringur: Endurtekning ferlis**  
Nýr nemandi tekur við stjórninni og ferlið er endurtekið þar til lokið er við að lesa það efni sem ætlunin er að fara vandlega yfir.



## Aukin færni eftir þjálfun í GL

- Eftir 20 daga þjálfun er líklegt að nemandi geti sagt frá efni texta með sínu eigin orðalagi og mótað tiltölulega góðar spurningar.
- Einnig að nemandi eigi auðveldara með að greina meginhugmyndir frá sértækum atriðum.
- Kennarar skoða frammistöðu nemenda sem vísbendingu um hvernig þurfi að vinna áfram að næstu verkefnum.





## Vinna við gerð hugtakakorta

1. Texti lesinn.
2. Skrifa hugtök og dæmi á litla miða.
3. Raða hugtakamiðunum á stóra örk.
4. Bæta við hugtökum ef þarf (t.d. yfirhugtök).
5. Tengja saman hugtök.
6. Skrifa á tengilínur.
7. Raða dæmum við hugtökin.
8. Yfirfara kortið með gagnrýni, laga.
9. Endurrita kortið á blað, teikna hringi og línur.



## Hugtakakort auðvelda:

- Skilning.
- Tileinkun nýrra hugtaka.
- Skipulagningu og flokkun hugtaka.
- Að sjá allar grunnupplýsingar á sama stað.
- Yfirsýn yfir nám.
- Samantekt úr fyrirlesturum.
- Upprifjun fyrir próf.
- Að byggja upp ritgerð.



## Hugtakakort höfða til:

- Nemenda með sterka sjónræna skynjun.
- Nemenda sem eiga auðveldara með að skynja heildir fremur en eindir.
- Nemenda sem eiga erfitt með að sitja lengi kyrrir.
- Nemenda sem eru námslega sterkir (gerð flókinna hugtakakorta er ögrandi verkefni!)



## Hugtakakort - mat

- Mestu skiptir að kortið hafi gildi fyrir nemandann.
- Nemandinn geti sýnt fram á að hann skilji viðfangsefnið.
- Að kortin endurspegli þekkingu og skilning.
- Að þau lúti vissum reglum og vinnulagi sem nemendum er kennt að beita.





## Nóvember- mánuður læsis

- Lestrarsprettir í öllum árgöngum.
- Lestrarvinir í 1.-10. bekkjum.
- Bókmenntadagskrá fyrir alla árganga.
- Dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur.
- Setning stóru upplestrarkeppninnar.



## Lestrarsprettir

- Markmið með lestrasprettum er að auka yndislestur nemenda og auka áhuga þeirra á bókmenntum.
- Lestrarsprettir fara fram í öllum árgöngum.
- Afrakstur gerður sýnilegur
- Lestrarsprettum lýkur með uppskeruhátíðum.



## Lestrarvinir

- Allir bekkir eiga sinn lestrarvinabekk
- Hver nemandi á sinn lestrarvin.
- Þriggja til fimm ára aldursmunur er yfirleitt á lestrarvinum.
- Vaxandi samskipti lestrarvina utan lestrarstunda.



## Lestrarvinaheimsókn



## Bókmenntakynningar

- Hver aldurshópur fær eina bókmenntakynningu á ári.
- Bókmenntakynningin er í höndum rithöfunda.
- Umsjónarkennarar undirbúa komu rithöfunda á markvissan hátt.



## Uppskeruhátíð



## Aukinn leshraði í 9. bekk - markmið

- Að auka leshraða nemenda
- Að auka áhuga nemenda á lestri
- Að auka lesskilning nemenda
- Að nemendur geti lesið mismunandi efni á mismunandi hraða
- Að nemendur læri að forlesa texta



## Árgangaverkefni

- 1. bekkur Sögutímar á bókasafni
- 2. bekkur Bangsaverkefni
- 3. bekkur Þórarinn Eldjárn og ljóðagerð
- 4. bekkur Hugtakakort
- 5. bekkur Leshringir
- 6. bekkur Gagnvirkur lestur
- 7. bekkur Framsögn
- 8. bekkur Leshringir
- 9. bekkur Leshraði aukinn
- 10. bekkur Leshraði aukinn - upprifjun



## Til umhugsunar:

- Góð lestrarfærni er hluti af grunnlífsleikni fólks í nútíma samfélagi.
- Allir kennarar þurfa að vera í stakk búnir til að leiðbeina nemendum við **lestur til náms**.
- Grunnskólinn þarf að skila út í samfélagið nemendum sem eru með í farteskinu verkfæri til að takast á við mismunandi texta með mismunandi hætti.

